

Thorsil ehf.
Suðurlandsbraut 30
108 Reykjavík


Reykjavík, 24. september 2019
UST201901-221/S.M.
08.08.02

Reglubundið eftirlit með starfsleyfi Thorsil ehf.

Þann 23. september sl. fór fram reglubundið eftirlit með starfsleyfi Thorsil ehf. í Helguvík. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin frávík komu fram við eftirlit og tvær ábendingar voru gerðar.

Virðingarfyllt


Sigríður Magnúsdóttir


Ásta Maack

Afrit: Heilbrigðisnefnd Suðurnesja

EFTIRLITSSKÝRSLA

Thorsil ehf. Helguvík, Reykjanesbæ



Dags eftirlits	23.9.2019	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Magnúsdóttir
Fyrirtæki	Thorsil ehf.	Eftirlitsmaður	Ásta Maack
Heimili	Berghólabraut 8	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	500210-1250	Flokkur	Kísilverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Hákon Björnsson	ÍSAT nr.	09.90.0
Fulltrúi fyrirtækis	John Fenger	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fundur vegna reglubundins eftirlits með starfsleyfi Thorsil ehf. var haldinn á Umhverfisstofnun, en föstudaginn 20. september var farið í vettvangsferð á fyrirhugaða staðsetningu verksmiðjunnar í Helguvík. Staðfest var að framkvæmdir eru ekki hafnar. Tvær ábendingar voru gerðar í eftirlitinu er varða uppfærslu viðbragðsáætlunar og ákvæði um grunnástand í reglugerð nr. 550/2018.

UMFANG EFTIRLITS

Haldinn var reglubundinn eftirlitsfundur á Umhverfisstofnun með starfsleyfi Thorsil ehf. og var umfang eftirlitsins eftirfarandi:

1. Umfang starfseminnar (gr. 1.2 í starfsleyfi)
2. Mælingar og skráningar (gr. 4.1, 4.2 og 4.3)
3. Tilkynningar vegna mengunaróhappa (gr. 2.7)
4. Tryggingar (gr. 2.8)
5. Síðasta eftirlitsskýrsla
6. Áhættumat Umhverfisstofnunar til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða.
7. Skoðunarferð um viðeigandi svæði.

Samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðila er nú áætlað að gangsetja verksmiðjuna á 4. ársfjórðungi 2022. Í því samhengi var rætt um mælingar og skráningar, en samkvæmt starfsleyfi skal hefja bakgrunnsvöktun a.m.k. 12 mánuðum fyrir gangsetningu og leggja umhverfisvöktunaráætlun fyrir Umhverfisstofnun til samþykktar a.m.k. 18 mánuðum fyrir gangsetningu. Kynnt var stuttlega 15. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarnaftirlit en þar segir að þegar starfsemi felur í sér notkun, framleiðslu eða losun tiitekinna hættulegra efna skal rekstraraðili, með hliðsjón af mögulegri jarðvegs- og grunnvatnsmengun á iðnaðarsvæði starfseminnar, taka saman og leggja fyrir Umhverfisstofnun skýrslu um grunnástand svæðisins áður en starfsemi hefst eða áður en starfsleyfi starfseminnar er uppfært. Þar sem starfsleyfi Thorsil er eldra en reglugerðin er þetta ákvæði ekki í starfsleyfinu en það gæti breyst ef kæmi til uppfærslu starfsleyfisins.

Kynntar voru nýjar leiðbeiningar Umhverfisstofnunar er varða tilkynningar vegna mengunaróhappa og er rekstraraðila bent á að uppfæra viðbragðsáætlanir sínar með hliðsjón af leiðbeiningunum ef þörf er á.

Rætt var um tryggingar en rekstraraðili skal senda Umhverfisstofnun staðfestingu á tryggingu vegna bráðamengunar a.m.k. 12 mánuðum áður en framleiðsla hefst.

Kynnt var áhættumat Umhverfisstofnunar en skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarnaftirlit ber Umhverfisstofnun nú að byggja tíðni vettvangsheimsóknna á kerfisbundnu mati á umhverfisáhættu viðkomandi starfsemi. Umhverfisstofnun hefur unnið drög að áhættumati fyrir starfsemi sem fellur undir eftirlit stofnunarinnar og hyggst áhættumeta starfsemina samhliða vettvangsheimsóknnum á árinu. Í lok árs mun stofnunin síðan rýna heildrænt niðurstöður áhættumatsins og nota sem grunn við gerð eftirlitsáætlunar 2020.

Föstudaginn 20. september fór eftirlitsmaður og kannaði aðstæður á verksmiðjulöð Thorsil í Helguvík. Staðfest var að framkvæmdir eru ekki hafnar.

ÁBENDINGAR

1. Rekstraraðila er bent á að uppfæra viðbragðsáætlanir sínar með hliðsjón af leiðbeiningum Umhverfisstofnunar um tilkynningar vegna mengunaróhappa ef þörf er á.
2. Rekstraraðila var bent á að kynna sér 15. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarnaftirlit er varðar grunnástand á iðnaðarsvæði starfseminnar.

Reykjavík, 24.09.2019

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Sigríður Magnúsdóttir

Sigríður Magnúsdóttir